

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986 með síðari breytingum, og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 11. mars 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 213/1991
um greiðslur vasapeninga sjúkratryggðra.**

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Upphæð vasapeninga er kr. 16.829 á mánuði. Tekjur að kr. 3.332 á mánuði skerða ekki þessa upphæð. Tekjur umfram kr. 3.332 skerða vasapeninga um 65% þeirra tekna sem umfram eru. Vasapeningar falla þó alveg niður við tekjur kr. 29.223 á mánuði.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Heimilt er að greiða vasapeninga, sem nemur tvöföldum sjúkradagpeningum einstaklings eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, fyrir hverjar 24 klst. sem sjúklingur dvelst samfellt utan stofnunar án þess að útskrifast. Greiðslur skulu þó að hámarki miðast við 15 sólarhringa í hverjum almanaksmánuði. Í slíkum tilvikum skal liggja fyrir umsókn sjúklings og vottorð sjúkrastofnunar. Greiðslur fara fram mánaðarlega eftir á.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 66. gr., sbr. 5. mgr. 43. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, öðlast gildi 1. apríl 1999.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. mars 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um fjárhæð elli- og örorkulífeyris.

1. gr.

Fullur árlegur ellilífeyrir skal vera kr. 201.948.

Fullur árlegur örorkulífeyrir skal vera kr. 201.948.